

From: Eygerður Margrétardóttir
Sent: mánudagur, 7. nóvember 2022 19:04
Cc: Eygerður Margrétardóttir
Subject: Nýtnivikan 2022 ? sóun er ekki lengur í tísku!

Sent til sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Góðan dag,
sambandið hefur verið beðið um að koma því á framfæri að Evrópska Nýtnivikan verður haldin 19.-27. nóvember nk. en markmið vikunnar er að hvetja til aukinnar nýtni og draga úr myndun úrgangs. Þema vikunnar í ár eru föt og annar textíll undir slagorðinu „**Sóun er ekki lengur í tísku!**“. Frekari upplýsingar um vikuna eru hér að neðan og í viðhengi er kynningarefni frá Umhverfisstofnun, m.a. efni sem hægt er að nýta til að setja upp fataskiptimarkað.

Við biðjum ykkur að senda þessar upplýsingar áfram til þeirra sem gætu haft áhuga á málinu, s.s. til bókasafna og skóla.

Dagana 19.-27. nóvember næstkomandi stendur evrópsk Nýtnivika yfir en markmið átaksins er að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu, nýta hluti betur og draga þannig úr myndun úrgangs. Þema ársins er sjálfbærni og hringrás textíls undir slagorðinu *Sóun er ekki lengur í tísku!* Textíliðnaðurinn er einn sá umfangsmesti í heimi og honum fylgir gríðarleg efnanotkun, ferskvatnsmengun og losun gróðurhúsalofttegunda svo það skiptir miklu að draga úr sóun textíls.

Í tilefni Nýtnivikunnar eru sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, skólar og almenningur hvött til þess að fræðast um umhverfisáhrif textíls og leggja sitt af mörkum til að skapa hringrásarhagkerfi textíls í samfélaginu. Til að mynda getið þið sett upp fataskiptimarkað á ykkar vinnustað og í viðhengi sjáið þið kynningarefni sem þið getið nýtt ykkur. Svo er um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn, halda viðgerðarkaffi, fyrirlestra eða hvað eina sem styður við minni sóun.

Við hvetjum alla þá sem munu standa fyrir viðburðum eða öðru tengdu Nýtnivikunni í ár að deila því með okkur á [Facebook síðu Nýtnivikunnar](#) með því að senda okkur skilaboð og við deilum því áfram. Einnig er hægt að hafa samband við okkur í gegnum netfangið samangegnsoun@samangegsoun.is og munið að taka myndir og tagga okkur og nýtnivikuna!
#samangegnsoun #nytnivikan #ewwr2022

Með bestu kveðjum,
Starfsfólk Saman gegn sóun hjá Umhverfisstofnun
Birgitta, Huguína og Þorbjörg

P.s. Umhverfisstofnun heldur úti verkefninu Saman gegn sóun og á [Facebook](#), [Instagram](#) og [heimasíðu](#) verkefnisins má finna upplýsingar um umhverfis- og samfélagsleg áhrif textíliðnaðarins og lausnir við þeim vanda sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir.

Með kveðju,

Eygerður Margrétardóttir
sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum
Beint innval: 515 4942
Netfang: eygerdur.margretardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Evrópska
nýtnivikan

19.-27.
Nóvember
2022



HRINGRÁS &
SJÁLFBÆRNI
TEXTÍLS

Sóun er dottin
úr tísku!

UMHVERFIS
STOFNUN